

Laugalandsskóli í Holtum
Sjálfsmatsskýrsla, 4. hluti
Nóvember 2010



Líðan nemenda og starfsfólks

Hulda Brynjólfsdóttir

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	2
<i>Niðurstöður</i>	3
<i>Nemendur:</i>	3
<i>Starfsfólk:</i>	6
<i>Umbætur</i>	10
<i>Nemendur:</i>	10
<i>Starfsfólk:</i>	11
<i>Lokaorð</i>	12
<i>Spurningalisti til nemenda</i>	13
<i>Spurningalisti til starfsfólks</i>	15
<i>Tíðnitöflur nemenda</i>	17
<i>Tíðnitöflur starfsmanna</i>	20

Sjálfsmat Laugalandsskóla. - Líðan.

Inngangur.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla þarf innra mat skólans að vera *altækt* (þ.e. að ná til allra þátta skólastarfsins), *formlegt* (þ.e. lýsing á aðferðum þarf að liggja fyrir í skriflegum gögnum frá skólanum) og *áreiðanlegt* (þ.e. byggt á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum). Allt eru þetta mikilvægir þættir til að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólstarfinu. Ef aðferðir og vinnsla slíks mats eru skilvirkar er það ákjósanleg aðferð til að styrkja og bæta skólstarfið. Og eins og segir í Aðalnámskrá grunnskóla 2008: "Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur."

Til að fylgja þessum reglum Aðalnámskrár þarf stöðugt að fylgjast með innra starfi skólans. Það er best gert með könnunum og fyrirspurnum til þeirra sem að skólstarfinu koma og hafa eitthvað um það að segja sem verið er að kanna hverju sinni. Kannanirnar þurfa að vera leynilegar og miða að því að finna leiðir til úrbóta við hvern hluta skólstarfsins sem kannaður er hverju sinni.

Haustið 2008 markaði skólinn sér stefnu til þriggja ára þar sem ákveðið var hvaða þættir skyldu metnir í sjálfsmati skólans. Talið var mikilvægt að á hverju hausti yrði kannað hvernig nemendum og starfsfólki líður á vinnustað sínum sem er skólinn, en forsenda þess að fólk leggi sig fram við vinnu sína og nái árangri er að viðkomandi líði vel í starfi.

Skólinn er vinnustaður bæði kennara og nemenda sem og annars starfsfólks sem á einn eða annan hátt tekur þátt í skólstarfinu. Áriðandi er að þar líði öllum eins vel og kostur er. Þá var ákveðið að kanna hvernig stjórnun skólans þætti vera, hvernig fólki líkaði við aðbúnað sinn á vinnustað og að lokum hvernig nemendum og starfsfólki þætti kennslan við skólann vera. Þrjú síðarnefndu atriðin voru könnuð eftir áramót þessi þrjú ár. Þá var ákveðið að ásættanleg niðurstaða væri ef svör næðu 85% í svarflokkanum „mjög gott“ og/eða „frekar gott“. Þess ber þó að geta að í sumum tilfellum er best að svörin séu á miðjunni eða „hæfilegt“ eins og t.d. þegar spurt er um álag og kröfur. Einnig mætti færa viðmið neðar við spurningunum um hvernig viðkomandi líði í búningsklefa og í útifríminútum og segja að ásættanlegt sé að 80% svarenda líði frekar vel eða mjög vel í þeim aðstæðum. Það er ekki öllum vel við að klæða sig úr fyrir framan aðra og þykir mörgum þær aðstæður óþægilegar. Hvað spurninguna um útifríminútur varðar, þá fer það mjög eftir veðri hvort nemendum líður vel úti eða ekki. Það vill brenna við að þeir komi ekki með viðundandi hlífðarfatnað í skólann þegar rignir eða úti er snjór og frost. Þá líður þeim að sjálfsögðu ekki eins vel og þegar veður er gott og hægt er að vera léttklæddur úti í frískandi leikjum.

Skólaárið 2010-2011 er síðasta skólaárið í þessari þriggja ára sjálfsmatstefnu. Eins og ákveðið var, var könnun á líðan nemenda og starfsfólks lögð fyrir á haustdögum. Eftir áramót skyldi kanna kennslu. Í þessari skýrslu fjöllum við um niðurstöður úr líðankönnun.

Könnunin var lögð fyrir nemendum í dansvikunni (21. október og 28. október). Fyrirlagnaraðili fór í stofur nemenda í 4.-10. bekk og lagði fyrir þá lista með spurningum og útskýrði eftir þörfum. Að því loknu skiluðu nemendur blöðum sínum og fyrirlagnaraðili stokkaði bunkann. Þegar allir nemendur höfðu skilað voru niðurstöður skráðar í þar til gert forrit (SPSS) sem reiknar út úr niðurstöðum.

Starfsfólk svaraði spurningunum þriðjudaginn 26. október. Blaði með spurningum var dreift til þeirra og könnunin útskýrð ásamt því að fólk var hvatt til að vera duglegt að skrá athugasemdir. Þegar blaðinu hafði verið svarað skiluðu þeir því í þar til gerðan kassa og síðan voru þau meðhöndluð á sama hátt og svarblöð nemenda.

Niðurstöður

Nemendur:


Fyrst skulum við skoða niðurstöður nemenda. Ákveðið var að leggja könnunina fyrir nemendur í 4. - 10. bekk. Hún var lögð fyrir alla þátttakendur í kennslustundum, en vegna fjarveru 8. bekkjar (í fermingarferð) svöruðu þeir viku seinna en hinir nemendurnir. Könnunin var lögð fyrir á einblöðungi (fylgiskjal 1) með spurningum á báðum hliðum. Þegar nemendur höfðu fyllt út svörin var öllum blöðunum safnað saman á einn stað, þau stokkuð og síðan fengu aðrir tveir aðilar þau í hendur til að slá svörin inn í tölvuforrit (SPSS). Forritið reiknaði síðan úr svörunum og þar var hægt að skoða niðurstöðurnar í skýru, tölulegu og myndrænu samhengi og vinna þessa skýrslu.

Í 4. - 10. bekk eru 77 nemendur og svöruðu 75 nemendur henni en tveir voru veikir. Fengum við því 94% svörun. Best er að skoða niðurstöðurnar myndrænt og því hafa þær verið settar upp í skífurit. Þannig sést vel skipting svara. Svörin eru einnig samræmd þannig að í hverju skífuriti eru svörin: Mjög vel, frekar vel, bæði og, frekar illa og mjög illa. Undantekning á þessu eru svörin við spurningunum: "Finnst þér miklar kröfur gerðar til þín?", en þar er miðjusvarið „hæfilegt“ og sömuleiðis spurningin "finnst þér mikið álag í vinnunni?" En þá spurningu fengu nemendur ekki, aðeins starfsfólk. Misjafnt er hvaða merkingu fólk leggur í að kröfur séu gerðar til þess og þykir mörgum jákvætt að kröfurnar séu miklar. Starfsfólkið skrifaði það í athugasemdadálkinn í fáeinum tilvikum.

En snúum okkur að niðurstöðum nemenda og skoðum fyrst spurningarnar hvernig líður þér í skólanum og hvernig líður þér í kennslustundum (mynd 1 og 2)




Mynd 1




Mynd 2

Í þessum skífuritum má sjá að 40% nemenda líður mjög vel í skólanum og 32% í kennslustundum. 95% nemenda líður um og yfir meðallagi vel í skólanum og er það mikið ánægjuefni. Þessi spurning er yfirgrípsmest og að svona mikill meirihluti nemenda líti svo á að almennt líði þeim vel í skólanum er eftirsóknarvert. Einungis 4% segja að þeim líði frekar illa og einn nemandi segir að sér líði mjög illa sem er 1,3%. Á bak við 4% í Laugalandsskóla standa 3 nemendur og því eru þetta sárafaír eða 4 nemendur samtals. Að sjálfsgöðu væri æskilegast að enginn væri fyrir neðan meðallag en það eru svo fjöldamargir þættir sem spila inn í almenna líðan nemenda innan veggja skólans að kannski verður því marki aldrei náð. Fjórir nemendur segja að þeim líði frekar illa í kennslustundum og einn að sér líði mjög illa en 94% svara að þeim líði um og yfir meðallagi vel.

Ef við berum þessar niðurstöður saman við markmið okkar, að ná 85% í efstu tvo flokkana, þá svara 71% að sér líði frekar eða mjög vel í skólanum og 66% að sér líði frekar eða mjög vel í kennslustundum. Við náum því ekki markmiðinu sem við settum okkur og má sjá í kaflanum „Umbætur“ hvað skólinn hyggst gera til þess að bæta úr þessu.



Mynd 3



Mynd 4

Myndir 3 og 4 sýna hvernig nemendur meta líðan sína í fríminútum, inni annars vegar og úti hins vegar. 45% svarenda segja að þeim líði mjög vel í útifríminútum, 25% að sér líði frekar vel og 25% eru hlutlausir. Það eru því 96% sem svara útifríminútunum um og yfir meðallagi. Tveir segja að sér líði mjög illa úti og gerði annar þá athugasemd að sér væri kalt. Einn svarar að sér líði frekar illa í útifríminútum.

Í innfríminútum eru 64% nemenda sem líður mjög vel og 21% líður frekar vel en 21% eru hlutlausir. Það eru því 98,6% sem svara innfríminútunum um og yfir meðallagi. Aðeins einn svarar frekar illa.


Við færðum markmið í útifríminútunum niður í 80% fyrir efstu tvo flokkana, þar sem klæðnaður og kuldi getur haft neikvæð áhrif á mat nemenda í þessu svári. Þar svara 71% efstu tveimur svarmöguleikunum og er það 9% frá markinu. Oft hafa skólaliðar getað lánað illa klæddum nemendum föt úr óskilabanka skólans. En á hverju ári safnast dálítið af fötum í skólanum sem enginn kannast við og eru ekki merkt og því ekki hægt að koma þeim til skila. Þetta er vandamál sem allir skólar og íþróttamiðstöðvar þekkja. Í innfríminútum er markmiðinu náð, en þar svara 85% að sér líði frekar vel eða mjög vel í innfríminútum.

Í fríminútum eiga sér stað félagsleg samskipti. Nemendur hitta vinina, spjalla og fara í ýmsa leiki, bæði úti og inni. Spila á spil, fara í fótbolta, róla eða fara í eltingaleiki. Það má því lesa úr þessum niðurstöðum að félagsleg staða nemenda við Laugalandsskóla sé almennt góð og allir finni sér leikfélaga flestum stundum. Eftirlit með nemendum er gott bæði úti og inni og eru alltaf tveir til þrír fullorðnir einstaklingar á vakt í fríminútunum. Það eru gömul sannindi og ný að stríðni sem getur leiðst út í einelti eigi sér stað þegar eftirlit fullorðinna er ekki til staðar. Svörin í þessum töflum sýna svo ekki verður um villst að slíkt eigi sér lítinn eða engan stað í skólanum. Kerfið sem heldur utan um slíkt mál er líka mjög öflugt og verði einhver var við einelti eða segir frá slíku er tekið á því um leið og málin leidd til lykta á sem bestan hátt fyrir alla aðila. Þá sérstaklega fyrir bæði gerendur og þolendur. Aðeins 4% nemenda segja að þeim líði fyrir neðan meðallag í útifríminútunum og 1,4% í innfríminútunum og er það von okkar að þær umbætur sem stefnt er að færi þessi fáu prósent upp.


Næst skulum við skoða niðurstöður við spurningum um líðan í búningsklefa og í matsal. 96% svarenda segja að sér líði um og yfir meðallagi vel í búningsklefa og 4% þar fyrir neðan. (mynd 5). Í búningsklefanum líður 73% nemenda frekar eða mjög vel. Við settum markmiðið þar í 80% þar sem fólk þykir stundum óþægilegt að klæða sig úr fyrir framan annað fólk og því eðlilegt að fólk líði misvel þar inni. Engar athugasemdir komu um að stríðni ætti sér þar stað en einhverjir höfðu orð á því að þar væri hávaði. Svarhlutfallið er einungis 7% frá markinu sem ef til vill endurspeglar almenn viðhorf fólks til þessa aðstæðna. Erfitt er að bæta úr þessu en lögð verður ríkari áhersla á vörslu í búningsklefunum.

Hvað matsalinn varðar líður 92% nemenda frekar eða mjög vel og eru þeir 7% yfir markmiðinu sem sett var. Það er líka eðlilegt því þar fá nemendur hollan og góðan mat sem er bæði fjölbreyttur og eldaður

af kostgæfni. Nemendur fá því kærkomna næringu í amstri dagsins og finna til ánægju við að neyta góðrar máltíðar sem gefur orku fyrir frekari vinnu.




Mynd 5




Mynd 6

Myndir 7 og 8 sýna líðan í íþróttasal og sundlaug. 69% nemenda segja að sér líði mjög vel í íþróttasalnum og 17% líður þar frekar vel. 98% svarenda eru um og yfir meðallagi ánægðir með líðan sína sem er afskaplega ánægjulegt. Aðeins 2% svarenda segja að þeim líði mjög illa í íþróttasalnum en engin skýring kom fram. Vitanlega skapast oft hávaði í íþróttasalnum og getur það haft einhver áhrif. 86% nemenda segja að þeim líði frekar og/eða mjög vel í íþróttasalnum og þar náum við markmiðinu sem við settum okkur um 85% í þessa tvo svarflokka.




Mynd 7



Mynd 8

Í sundlauginni líður 3% nemenda mjög illa og 4% frekar illa og kvörtuðu einhverjir af þeim yfir klórnum í lauginni. Það verður að fylgja reglum um klórnotkun og er því kerfi stýrt eftir tölvu. Það er oft erfitt að koma til móts við þá vanlíðan en nemendur eru að sjálfsögðu hvattir til að nota sundgleraugu sem getur lagað ástandið heilmikið. Það er gleðilegt að 93% nemenda svari því til að þeim líði um og yfir meðallagi vel í sundlauginni, enda eru nemendur Laugalandsskóla vanir henni frá blautu barnsbeini. Markviss sundkennsla hefst í leikskólanum hjá næstelstu nemendum hans. Því eru flestir nemendur ágætlega syndir þegar þeir koma í grunnskólann og því sjálfbjarga og óttalausir í vatninu. Í sundlauginni ná svarflokkarnir, frekar vel og mjög vel, 74% svarenda. Athugasemdirnar um mikinn klór og að það sé kalt í lauginni verður tekið til athugunar og fjallað verður nánar um það í umbótarkafnanum.



Mynd 9



Mynd 10

80% nemenda koma með skólabíl í skólann. Aðrir koma þá með foreldrum sínum eða öðru tengslafólki og einhverjir nemendur koma hjólandi eða gangandi. 53% þeirra sem koma með skólabíl líður mjög vel á því ferðalagi. 3% farþega segja að þeim líði frekar illa og 5% mjög illa (mynd 9). Skýringarnar voru oftast þær að vegalengdin væri of mikil og einhverjir verða stundum bílveikir. Þarna svara 78% þeirra sem koma með skólabíl að þeim líði frekar og/eða mjög vel í skólabílnum. Það er aðeins frá markinu okkar, en ef við skoðum athugasemdirnar, þá er erfitt að bregðast við vegalengdum en alltaf er reynt að láta bílana aka haganlegustu leiðina.

Mynd 10 sýnir hvernig nemendur meta þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í skólanum. 11% nemenda telja kröfurnar mjög miklar, 25% telja þær frekar miklar en 55% segja þær vera hæfilegar, 9% nemenda eru síðan þar fyrir neðan. Mörgum finnst jákvætt að gerðar séu miklar kröfur til þeirra á meðan öðrum finnst erfitt að vinna við þær aðstæður. En þegar svarmöguleikinn „hæfilegt“ er gefinn, hlýtur það að vera það svar sem við viljum að flestir merki við. Ekki er því hægt að skoða þessa töflu í samræmi við markmiðin okkar og má velta fyrir sér hvernig markmiðunum ætti að vera hagað við þessari spurningu.

Starfsfólk:

Skoðum nú niðurstöður könnunarinnar sem lögð var fyrir starfsfólk. Spurningalistinn (fylgiskjal 2) var lagður fyrir 26. október, starfsmenn svöruðu listanum samdægurs og lá kassi frammi sem svörum var skilað í eftir útfyllingu. Svörin voru síðan slegin í sama forrit og hjá nemendum (SPSS) og unnið úr niðurstöðum. Almennt voru niðurstöður mjög góðar og er ánægjulegt að sjá hversu vel starfsfólki líður í vinnunni enda er það forsenda góðs starfs að einstaklingum líði vel. Könnunin var lögð fyrir 17 starfsmenn og eru niðurstöður byggðar á svörum þeirra. Þar sem starfsmenn eru svo fáir er breyting í prósentutölum stór fyrir hvern einn einstakling.




Mynd 11




Mynd 12

Á mynd 11 sjáum við svör starfsmanna við spurningunni um líðan í vinnunni. 47% segja að sér líði mjög vel og 29% frekar vel. Þetta gerir samtals 76% svo að það er örlítið fyrir neðan viðmiðunarmörkin. Enginn gaf neina skýringu á því af hverju hann svarar „bæði og“ og þess vegna er erfitt að gera einhverja bót á því. Sá vettvangur sem helst tekur á þessu er starfsmannasamtal en þar eru starfsmenn hvattir til að segja sínar skoðanir og láta vita hvað má betur fara í starfinu og hvað er gott. Í umbótarkaflanum má sjá nánari umfjöllun um starfsmannasamtölin.

Mynd 12 sýnir svör við spurningunni um líðan í kennslustundum. Þar segja 67% svarenda að þeim líði mjög vel í kennslustundum. Þarna er eingöngu að finna svör þeirra sem fara inn í kennslustundir. 94% starfsmanna sem sinna vinnu í kennslustundum líður frekar og/eða mjög vel þar og er það ánægjuleg niðurstaða. Það þarf ekki að fjalla meira um það, því þar er hlutfallið við þessum tveimur svörum vel yfir markmiðinu.




Mynd 13




Mynd 14

Á myndum 13 og 14 eru svör við spurningu um líðan innan 9,14. Þetta eru störf sem skólustjóri biður kennara að vinna og tengist ýmiss konar pappírsvinnu eða öðrum tengdum störfum fyrir skólann. Mynd 14. sýnir svör þeirra sem sinna þessum störfum, en mynd 13 sýnir svör allra starfsmanna.

Á þessum myndum má sjá að 55% starfsmanna líður mjög vel með þau störf sem þeir vinna á þennan hátt. 36% frekar vel og 9% í meðallagi. Engum líður illa með þessi störf og segir það okkur að störfín séu vel valin enda er það oftast nær gert í samráði við sérhvern starfsmann og þau sniðin að sérsviði eða áhugasviði hvers og eins. Við setjum markmiðið um 85% eingöngu við svör þeirra sem vinna innan 9,14 og þar eru það 91% svarenda sem ná markmiðinu og það er því vel innan markanna.



Mynd 16



Mynd 17

Í frímínútum eru margir við gæslu en aðrir setjast niður og fá sér kaffi, slaka á og spjalla um daginn og veginn. 53% starfsfólks líður mjög vel í þessum pásam (mynd 16). Þarna eru 82% sem krossa við markmiðssvörin okkar og munar þar 3% sem er ekki mikið. Hins vegar má velta fyrir sér af hverju fólki líður einungis í meðallagi vel þegar það tekur sér hlé frá vinnu. Það hlýtur þá að vera svona gaman í vinnunni. Engar skýringar voru gefnar og því er erfitt að henda reiður á ástæðunni en starfsmannasamtalið er þarna kjörinn vettvangur eins og áður sagði.

Fimm starfsmenn svara hvernig þeim líður við gæslu í útifrímínútum (mynd 17). Þar svarar 60% gæslumanna að þeim líði mjög vel úti, 20% frekar vel og 20% að þeim líði í meðallagi vel.



Mynd 18

Þá eru níu starfsmenn við innigæslu og þar svara 56% að þeim líði mjög vel, 11% segja frekar vel og 33% í meðallagi (mynd 18). Ef við horfum á myndir 17 og 18 þá sjáum við að fleiri merkja við möguleikana frekar vel og mjög vel við útigæsluna heldur en við innigæsluna. 80% merkja við þessi svör við útigæslu, en 67% við innigæslu. Mörgum þykir gott að komast aðeins út og hressa sig í fersku lofti, þannig að mögulega eru fleiri sáttari við útigæsluna vegna þess. En þarna vantaði athugasemdirnar til að hægt sé að átta sig á hvers vegna fólk er í meðallagi sátt við þessi störf.

Níu aðilar svara spurningunni um líðan við gæslu í matsal og þar líður 100% svarenda frekar eða mjög vel og enginn svarar að sér líði á nokkurn hátt illa né í meðallagi (mynd 19).

Mynd 20 sýnir hvernig fólk metur skólann sem vinnustað og þykir 41% starfsfólks hann mjög þægilegur, 35% frekar þægilegur og 24% segja hann í meðallagi þægilegan vinnustað. Það eru þá 76% sem svara í efstu tvo svarflokkana og er það þó nokkuð frá viðmiðinu. Gott hefði verið að fá athugasemdir við þessi svör svo hægt væri að bregðast við þeim.




Mynd 19



Mynd 20

Síðustu tvær myndirnar sýna svör við spurningum um kröfur og álag. Nokkrir starfsmenn settu í athugasemdir að þeim þætti gott að til þeirra væru gerðar miklar kröfur og litu á það sem jákvætt. 18% sögðu kröfurnar mjög miklar og 41% sögðu frekar miklar. 35% svöruðu því til að þær væru í meðallagi og 6% frekar litlar. Það er 1 starfsmaður sem stendur á bak við þessi 6% (mynd 21). Hvað álagið varðar (mynd 22) svöruðu 6% að álagið væri mjög mikið og 59% að það væri frekar mikið. 23% sögðu álagið hæfilegt, 6% að það væri frekar lítið og 6% að það væri mjög lítið.



Mynd 21



Mynd 22

Á sama hátt og með nemendur má ef til vill draga þessar spurningar út úr markmiðinu um 85% svarhlutfall í efstu tvo flokkana, því flestir ættu að vilja að álag sé hæfilegt í vinnunni, þar sem of mikið álag fer illa með heilsuna. Hins vegar eru skiptar skoðanir um hvort fólki finnst betra að kröfur sem gerðar eru til þess séu miklar eða hæfilegar og kom það fram í athugasemdum. Því er ekki hægt að setja þessar tvær spurningar undir markmiðið okkar.

Umbætur.

Gagnaöflun eingöngu, þó hún sé kerfisbundin og regluleg, bætir ekki skólstarfið. Matið á að leiða til **umbóta** sem þýðir að niðurstöður þess á að nota til að vinna að umbótum í skólstarfinu. Í drögum að aðalnámskrá segir að með hliðsjón af niðurstöðum innra mats séu umbætur skilgreindar og skipulagðar. Í þessum kafla verður farið yfir það hvernig skólinn hyggst bregðast við niðurstöðum könnunarinnar í því ljósi að bæta það sem bæta þarf.

Nemendur:

Ef við byrjum á spurningunum um líðan í skólanum og líðan í kennslustundum sem lagðar voru fyrir nemendur þá munu umsjónarkennarar taka fyrir, hver með sínum umsjónarbekk, umræðu um líðan. Þar verða nemendur fengnir til þess að koma með sínar hugmyndir um hvað hægt sé að gera til þess að þeim líði betur í skólanum. Þetta getur verið gott efni í lífsleikni og þar skapast þá einnig grundvöllur fyrir því að ræða um hvað er gert fyrir nemendur nú þegar. Þá má nefna góða aðstöðu í setustofum, góðan aðbúnað s.s. samlokugrill, sófa, hljómflutningstæki, spil, töfl og fl. Nemendur gætu einnig gert könnun í öðrum skólum svo hægt væri að bera saman aðstæður. Oft koma góðar hugmyndir frá börnunum sem hægt er að framkvæma og gæti bætt enn meira líðan barnanna í skólanum og í kennslustundum.

Þær umbætur sem gerðar verða varðandi útifríminúturnar eru eftirfarandi:

- Umsjónarkennarar senda orðsendingu á heimilin í upphafi skólaársins þar sem farið er vel í hvernig börnin þurfa að koma klædd í skólann. Foreldrar eru beðnir að passa upp á að börnin komi ávallt klædd eftir veðri og að allur fatnaður sé vel merktur.
- Gæslumanneskja er vakandi fyrir því að börnin fari í útifötin sem þau taka með sér í skólann og láti umsjónarkennara vita ef einhver brotalöm er þar á.
- Ef einhver nemandi er illa klæddur þá, að sjálfsögðu, fær hann lánuð hlý föt hjá skólanum en eins og kom fram hér að framan þá er hægt að lána föt úr óskilabanka skólans.
- Ef nemandi kemur iðulega illa klæddur í skólann þá skal umsjónarkennari viðkomandi nemanda hafa samband heim og ítreka mikilvægi þess að barnið sé vel búið.
- Þeir einstaklingar sem eru á gæslu í útifríminútum undirbúa sig fyrir veturinn með því að setja upp lista af skemmtilegum leikjum sem hægt er að fara í í frímínútunum og kenna börnunum þessa leiki og helst, ef möguleiki er á, vera með þeim í leikjunum.

85% nemenda líður frekar vel og/eða mjög vel í innifríminútunum og er því markmiðinu náð í sjálfu sér en alltaf má gera betur. Aðgengi nemenda að ýmis konar spilum verður aukið en þó með þeim fyrirvara að gengið sé vel um þessi spil og mun hver umsjónarkennari ræða það með sínum umsjónarbekk. Börnin verða líka spurð út í hvað það er sem þau sjá fyrir sér að væri gott að hafa í setustofunni í frímínútunum.

Búningsklefinn er sá staður sem eflaust er sá minnst spennandi af þeim stöðum sem nemendur nota á skólagöngu sinni. Þó niðurstaðan hafi ekki verið mjög slæm og aðeins 7% hafi vantað upp á viðmiðunarmarkmiðin þá verða umbæturnar í formi þess að lögð verður meiri áhersla á að baðvörður verði duglegri að vera hjá börnunum í búningsklefunum.

86% nemenda sagði að sér liði frekar vel og/eða mjög vel í íþróttasalnum og er markmiðinu svo sem vel náð þar. Það væri þó hægt að gera betur og hefur verið lögð áhersla á að nemendur gefi sér meiri tíma í slökun og teygjur í lok íþróttatímans og þannig getur nemandinn farið úr íþróttahúsinu í ró og notalegu andrúmslofti í stað æsings og hávaða.

Klórinn í sundlauginni er helsta ástæðan fyrir því að nemendum líði ekki vel í sundlauginni. Eins og fram kom hér að framan þá verða nemendur hvattir til þess að nota sundgleraugu og munu umsjónarkennarar minna

foreldra/forráðamenn á að gott væri fyrir börn þeirra að vera með sundgleraugu með sér í skólann þegar sundkennslan stendur yfir þ.e. á haustin og á vorin. Einnig munu umsjónarkennarar minna á að mikilvægt er að merkja sundgleraugun vel. Einhver nefndi að sundlaugin væri of köld og verður rætt við sundlaugarvörðinn um það hvort hægt sé að hækka hitastigið á vatninu. Almenn er þó talið að erfiðara sé að synda í mjög heitu vatni en í því sem er við svalara hitastig og hefur mið verið tekið af þeim upplýsingum. Þá er einnig kostnaðarsamara að halda lauginni mjög heitri.

78% þeirra sem koma með skólabíl í skólann segja að sér líði frekar vel og/eða mjög vel í skólabílnum. Reynt er eftir fremsta megni að hafa akstursleiðirnar eins stuttar og hægt er fyrir nemendur og verður það áfram en það sem einnig verður gert hér til umbóta er að á haustin eru skólabílstjórar minntir á að hafa rétt hitastig í bílnum og taka tillit til þeirra barna sem stundum verða bílveik. Skólabílstjórar eru einnig minntir á að raða upp í bílana eins og hentar best. Ef einhver börn geta ekki setið saman eða trufla hin börnin í skólabílnum þá er það skólabílsjórinn sem ræður og getur fært börnin til eins og best kemur út.

Starfsfólk:

76% starfsmanna segja að sér líði frekar vel og/eða mjög vel í vinnunni. Hér vantar örlítið upp á að viðmiðunarmarkmiðum sé náð. Því miður er ekkert tiltekið hvað það er sem er ábótavant og því er afskaplega erfitt að ráða bót á þessu. Það er þó einn vettvangur sem kjörinn er til þess að ræða alla þætti starfsins og það er starfsmannasamtölin.

Starfsmannasamtölin eru tekin einu sinni á skólaárinu, í mars og apríl og er það skólastjóri sem tekur þau við hvern starfsmann. Starfsmannasamtöl eru óhjákvæmilegur þáttur nútíma stjórnunar og nauðsynlegur þáttur við skipulag skólastarfs. Jafnvel má kveða svo skýrt að orði að segja að starfsmannasamtöl séu forsenda að skipulagi hvers skólaárs. Í starfsmannasamtali er nauðsynlegt að grunnur sé lagður að vinnu kennarans á næsta starfsári. Þarna er til dæmis átt við hvaða námsgreinar viðkomandi kennari vill kenna og hvaða aldursþópum. Þá er í viðtalinu rætt um áhugasvið og sérstaka hæfileika kennarans ekki síst með það í huga til hvaða annarra faglegra starfa innan skólans viðkomandi verður kallaður. Þarna þarf yfirmaður að meta hæfni kennarans með tilliti til verkaskiptingar og færni. Í starfsmannasamtali er mikilvægt að ræða hugsanlega samsetningu vinnutíma. Í starfsmannasamtali er mikilvægt að starfsmaður og yfirmaður meti sameiginlega það sem liðið er og setji sér markmið fyrir næsta tímabil. Mikilvægt er að báðir láti í ljós sérstakar óskir sínar (Kjarasamningur Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga fyrir grunnskóla, 2001).

Það er því ljóst að ef starfsmaður er óánægður með eitthvað í sínu starfi þá á það að koma fram í starfsmannasamtalinu og má því segja að þær umbætur sem teft er fram í þessari skýrslu hvað varðar starfsfólkið eru fólgnar í starfsmannasamtalinu. Þar er hægt að ræða um 9,14 stundirnar, hvernig viðkomandi hafi upplifað þá vinnu sem þar fór fram, hvað fór vel og hvað skuli bæta. Þeir starfsmenn sem vinna við gæsluna verða þá spurðir sérstaklega út í þá vinnu. Lögð verður sérstök áhersla á þær spurningar sem komu fram í könnuninni eins og spurningarnar um hvort skólinn teljist þægilegur eða ekki, hvort kröfurnar sem gerðar eru til hvers og eins séu miklar eða litlar og/eða hvort álagið sé mikið eða lítið.

Það má því segja að lykillinn að umbótum vegna líðan starfsfólksins sé starfsmannasamtalið því að þar er hægt að fá svörin og athugasemdirnar sem ekki komu fram í könnuninni.

Eitt er það sem verður sett fram til umbóta og það er sérstök umfjöllun á fyrsta starfsmannafundi skólaársins en þar munu stjórnendur fara sérstaklega inn á mikilvægi þess að starfsfólk tjái sig við stjórnendur um það sem þeim finnst að betur megi fara í starfinu og þegar könnunin verður borin fyrir þau að ári þá sé mjög mikilvægt að setja fram ef eitthvað er sem þurfi að bæta. Þannig tryggjum við hrein og góð samskipti milli starfsfólks og stjórnenda sem er meginforsenda góðs starfs.

Lokaorð

Þegar sjálfsmat skólans var skipulagt árið 2007 var ákveðið að leggja árlega fyrir könnun sem mæti líðan nemenda og starfsfólks. Líðan fólks skiptir sköpum í lífi þess og er góð líðan forsenda þess að fólk geti lagt sig fram og ávallt gert sitt besta, bæði í leik og starfi. Með góðri líðan ná allir bestum árangri. Nám er vinna en á samt sem áður að vekja ánægju og vera gefandi. Góð líðan er lykillinn að því að nemendur geti einbeitt sér við nám og meðtekið allt það efni sem lagt er fyrir þá daglega á námsárum þeirra. Nemendur eru 10 ár í grunnskóla og það er ansi langur tími. Það gleður okkur að nemendur við Laugalandsskóla skuli svara á eins jákvæðum nótum og raun ber vitni hvað varðar líðan þeirra í skólanum. Í framtíðinni muna þeir því vonandi líta til baka og minnast skólagöngu sinnar með gleði og ánægju.

Það er okkur kappsmál að halda áfram að stuðla að vellíðan í skólanum okkar. Til þess að svo megi verða þurfum við ávallt að halda vöku okkar og fylgjast vel með ef eitthvað bregður út af í þeim efnum. Það gerum við best með því að fylgjast með nemendum okkar í leik og starfi, á skólalóðinni jafnt sem í kennslustundum, hafa hæfa og vel menntaða starfsmenn við skólann sem fylgjast vel með og hafa innsæi og næmi fyrir líðan og eðli barnssálarinnar. Einnig með því að leggja fyrir kannanir og spurningar sem nemendur finna að þeir geta svarað af einlægni og finna að það er brugðist við ef þeim líður á einhvern hátt öðruvísi en eðlilegt má teljast. Það er okkur sömuleiðis mjög mikilvægt að finna að nemendur beri traust til starfsfólks skólans og finni að það geti leitað til þeirra á daglegum vettvangi með vandamál sín stór og smá, jafnt sem sigra og gleðifréttir úr sínu daglega lífi.

Þess má geta að í yngri bekkjum grunnskólans er líðan nemenda í kennslustundum annars vegar og í frímínútum hins vegar könnuð vikulega. Komi það fyrir að nemandi merki oftar en einu sinni við að sér líði illa, athugar umsjónarkennari hvað veldur þeirri vanlíðan og síðan bregst hann við til að koma til móts við nemandann og bæta úr því sem veldur vanlíðaninni.

Í markmiðum skólans (Skólalykill, bls. 3) er stefnt að því að ná sem bestum árangri með öflugum samstarfi kennara og foreldra. Foreldrar eru boðaðir í viðtal tvisvar sinnum yfir veturinn, en þess utan eru foreldrar duglegir að hafa samband við skólann. Þeir eru sem betur fer fljótir að láta vita ef barni þeirra líður ekki eins og best verður á kosið. Á þann hátt er hægt að bregðast strax við og bæta ástandið, en oft er hægt að koma í veg fyrir erfið mál með því að bregðast eins fljótt við og hægt er. Í foreldraviðtölunum er nákvæmlega farið yfir hvernig nemandi líður í skólanum og nokkrar ólíkar aðstæður teknar fyrir sérstaklega.

Þá ber að fagna því að öllu starfsfólki skólans líður vel í vinnunni og fer enginn undir meðallag í svörum hvað það varðar. Grundvöllur að góðu vinnuframlagi starfsmanna er vellíðan þeirra og forsenda þess að þeir leggi sig af alhug í hvert starf sem þeir inna af hendi. Vellíðan kennara skilar sér í starfi þeirra og framkomu við nemendur og oft endurspeglar nemendur það viðmót sem þeir finna fyrir. Endurspeglun þessa má sjá á svörum nemenda í könnunum sem lagðar hafa verið fyrir þá.

Það er því ákaflega gleðilegt að svör starfsfólks við Laugalandsskóla séu á þá lund sem raun ber vitni og mun áfram verða unnið að því að viðhalda góðri líðan bæði meðal starfsfólks og nemenda.



SPURNINGALISTI TIL NEMENDA LAUGALANDSSKÓLA

<p>1. Ertu piltur eða stúlka</p> <p><input type="checkbox"/> piltur</p> <p><input type="checkbox"/> stúlka</p>	<p>2. Í hvaða bekk ert þú?</p> <p><input type="checkbox"/> 10. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 9. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 8. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 7. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 6. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 5. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 4. bekk</p>
<p>3. Líður þér vel eða illa í skólanum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>4. Líður þér vel eða illa í kennslustundum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>5. Líður þér vel eða illa í frímínútum - úti?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>6. Líður þér vel eða illa í frímínútum - inni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>

<p>7. Líður þér vel eða illa í búning- klefa?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>8. Líður þér vel eða illa í matsal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>9. Líður þér vel eða illa í íþróttasal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>10. Líður þér vel eða illa í sund- lauginni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>11. Líður þér vel eða illa í skólabílnum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Kem ekki með skólabíl</p>	<p>12. Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín í skólanum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar litlar</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög litlar</p>

Takk fyrir þáttökuna.



SPURNINGALISTI TIL STARFSFÓLKS LAUGALANDSSKÓLA

<p>1. Líður þér vel eða illa í vinnunni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>2. Líður þér vel eða illa í kennslu- stundum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>
<p>3. Líður þér vel eða illa í störfum sem falla undir 9,14?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>4. Líður þér vel eða illa í frímínút- um/kaffitímum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>5. Líður þér vel eða illa við gæslu úti?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>6. Líður þér vel eða illa við gæslu inni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>

<p>7. Líður þér vel eða illa við gæslu í matsal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>8. Er skólinn þægilegur eða óþægilegur vinnustadur?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög þægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar þægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar óþægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög óþægilegur</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>9. eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín á vinnustadnum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar litlar</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög litlar</p> <p>hverju vildir þú breyta? _____</p> <p>_____</p>	<p>10. Er mikið eða lítið álag í vinnunni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegt</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar lítið</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög lítið</p> <p>hverju vildir þú breyta? _____</p> <p>_____</p>

Takk fyrir þátttökuna.

1 Ert þú piltur eða stúlka?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
piltur	38	51	51	51
stúlka	37	49	49	100
samtals	75	100	100	
2 Í hvaða bekk ert þú?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
10. bekk	14	19	19	19
9. bekk	12	16	16	35
8. bekk	10	13	13	48
7. bekk	12	16	16	64
6. bekk	12	16	16	80
5. bekk	8	11	11	91
4. bekk	7	9	9	100
samtals	75	100	100	
3 Líður þér vel eða illa í skólanum?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	30	40	40	40
frekar vel	23	31	31	71
bæði og	18	24	24	95
frekar illa	3	4	4	99
mjög illa	1	1	1	100
samtals	75	100	100	
4 Líður þér vel eða illa í kennslustundum?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	24	32	32	32
frekar vel	25	33	33	65
hvorki né	21	28	28	93
frekar illa	4	5	5	99
mjög illa	1	1	1	100
samtals	75	100	100	

5 Líður þér vel eða illa í úti frímínútum?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	34	45	45	45
frekar vel	19	25	25	71
bæði og	19	25	25	96
frekar illa	1	1	1	97
mjög illa	2	3	3	100
samtals	75	100	100	
6 Líður þér vel eða illa í inni-frímínútum?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	46	61	64	64
frekar vel	15	20	21	85
bæði og	10	13	14	99
frekar illa	1	1	1	100
Samtals	72	96	100	
Vantar	3	4		
samtals	75	100		
7 Líður þér vel eða illa í búningklefa?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	22	29	29	29
frekar vel	31	41	41	71
hvorki né	19	25	25	96
frekar illa	2	3	3	99
mjög illa	1	1	1	100
samtals	75	100	100	
8 Líður þér vel eða illa í matsal?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	45	60	60	60
frekar vel	24	32	32	92
hvorki né	5	7	7	99
frekar illa	1	1	1	100
samtals	75	100	100	

9 Líður þér vel eða illa í íþróttasal?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	52	69	69	69
frekar vel	13	17	17	87
hvorki né	9	12	12	99
mjög illa	1	1	1	100
samtals	75	100	100	
10 Líður þér vel eða illa í sundlauginni?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	34	45	45	45
frekar vel	22	29	29	75
hvorki né	14	19	19	93
frekar illa	3	4	4	97
mjög illa	2	3	3	100
samtals	75	100	100	
11 Líður þér vel eða illa í skólabílnum?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	31	41	42	42
frekar vel	15	20	20	62
hvorki né	8	11	11	73
frekar illa	2	3	3	76
mjög illa	3	4	4	80
kem ekki með skólabíl	15	20	20	100
samtals	74	99	100	
vantar	1	1		
samtals	75	100		
12 Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín í skólanum?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög miklar	8	11	11	11
frekar miklar	18	24	25	36
hæfilegar	40	53	55	90
frekar litlar	4	5	5	96
mjög litlar	3	4	4	100
samtals	73	97	100	
vantar	2	3		
samtals	75	100		

1 Líður þér vel eða illa í vinnunni?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
Mjög vel	8	47	47	47
Frekar vel	5	29	29	76
Bæði og	4	24	24	100
Samtals	17	100	100	
2 Líður þér vel eða illa í kennslustundum?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
Mjög vel	10	59	67	67
Frekar vel	4	24	27	93
Bæði og	1	6	7	100
Samtals	15	88	100	
Vantar	2	12		
Samtals	17	100		
3 Líður þér vel eða illa í 9,14?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
Mjög vel	6	35	46	46
Frekar vel	4	24	31	77
Hvorki né	1	6	8	85
Á ekki við	2	12	15	100
Samtals	13	76	100	
Vantar	4	24		
Samtals	17	100		
4 Líður þér vel eða illa í frímínútum/kaffitímum?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	9	53	53	53
frekar vel	5	29	29	82
bæði og	3	18	18	100
samtals	17	100	100	

5 Líður þér vel eða illa við gæslu úti ?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	3	18	19	19
frekar vel	1	6	6	25
bæði og	1	6	6	31
á ekki við	11	65	69	100
samtals	16	94	100	
vantar	1	6		
samtals	17	100		
6 Líður þér vel eða illa við gæslu inni?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	5	29	31	31
frekar vel	1	6	6	38
hvorki né	3	18	19	56
á ekki við	7	41	44	100
samtals	16	94	100	
vantar	1	6		
samtals	17	100		
7 Líður þér vel eða illa í matsal?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	6	35	38	38
hvorki né	3	18	19	56
á ekki við	7	41	44	100
samtals	16	94	100	
vantar	1	6		
samtals	17	100		
8 Er skólinn þægilegur/óþægilegur vinnustaður?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	7	41	41	41
frekar vel	6	35	35	76
hvorki né	4	24	24	100
samtals	17	100	100	

9 Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín á vinnustaðnum?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög miklar	3	18	18	18
frekar miklar	7	41	41	59
í meðallagi	6	35	35	94
frekar litlar	1	6	6	100
samtals	17	100	100	
10 Er mikið eða lítið álag í vinnunni?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög mikið	1	6	6	6
frekar mikið	10	59	59	65
hæfilegt	4	24	24	88
frekar litlið	1	6	6	94
mjög lítið	1	6	6	100
samtals	17	100	100	